

Nr. 50/1889

Eigendur Skarða
gegn
Sigurpáli Árnasyni.

D ó m u r :

Landamerkjamáll þetta er í hjerði höfðað af Sigurpáli Árnasyni, eiganda jarðarinnar Skóga í Reykjahverfi í Þingeyjarsýslu gegn eigendum jarðarinnar Skarða, Jóni Jónssyni, Jóni Á. Árnasyni og Jakobínu Jónsdóttur, eptir að árangurslaust hafði verið leitað um sættir af hlutadeigandi sáttanefnd milli málsvideigandanna. Eigandi Skóga hefur talið landamerkin þessi: að móts við Skarðaland ráði frá Mýrarkvísl Skógaá meðan hún rennur beint, þá garður sá, sem liggur upp yfir þvera Litlumýri, þar sem Skógaá beygist til suðurs og svo bein stefna úr garðinum laust fyrir sunnan Grísatungur austur í Sæluhús. Á hinn bóginn töldu eigendur Skarða til þessara landamerkja fyrir jörð sinni gagnvart Skógum, að Skógaá ráði merkjum milli jarðanna alla leið frá upptökum árinna, en frá upptökum hennar bein lína í Sæluhús. Málið var dæmt í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu, 14. sept. 1888, og tók dómurinn til greina og staðfesti merkjasetningu eiganda Skóga óbreytta eins og hún er skráð hjer að framan; um málskostnað, þar með talda dagpeninga dómsmanna 45 kr. ákvað dómurinn, að helmingur hans skyldi greiðast af hvorum fyrir sig, sækjanda og verjanda.

Landamerkjadómi þessum hafa eigendur Skarða skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 26. ág. f. á. og krafizt þess, að hann verði ómerkur dæmdur, og að hinn stefndi eigandi Skóga, Sigurpáll Árnason, verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum með 200

kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi, nefndur Sigurpáll Árnason, hefur á hinn bóginn krafizt þess, að hinn áfrýjaði merkjadómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdir til að greiða allan málskostnað með 100 kr. eða eptir mati rjettarins.

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir lagt fram, til þess að sanna, að landamerkjakrafa þeirra sje rjett, afsalsbrjef útgefið 5. maí 1652 fyrir 30 hdr. í jörðinni Skörðum, er Bjarni prestur Jónsson þá seldi Þorláki biskupi Skúlasyni, og segir svo í þessu afsalsbrjefi, sem þinglesið hefur verið nokkrum sinnum, um landamerki jarðarinnar: «En fyrir sunnan Skörð segir hann að ráði landamerkjum Skógaá, sem fellur á milli Skóga og Skarða; fylgir jörðu þessari, Skörðum, allt samfast land, Grísatungur og allt austur að Sæluhúsinu móts við Fjallamenn». Skjal þetta hefur að eins verið framlagt í eptirriti, en hinn stefndi hefur hvorki mótmælt eptirritinu nje heldur «authenti» frumskjalsins. Engar aðrar skjallegar sannanir hafa fram komið í málinu um landamerkin. Samt sem áður hefur merkjadómurinn eigi sett merkin samkvæmt skjali þessu, þar sem hann að eins hefur látið Skógaá ráða merkjunum, meðan hún rennur beint, en úr því sett önnur merki, sem virðast vera beinni en áin. En til þess þannig að víkja frá og dæma þvert ofan í hið eina áreiðanlega skilríki fyrir landamerkjum jarðanna, sem komið er fram af hálfu málsaðila, virðast dómendur eigi hafa haft lögmæta heimild. Það er eigi rjett, sem segir í dóminum, að Grísatungur sjeu auðsjáanlega settar í afsalsbrjefið til að tákna landamerki Skarðalands að sunnan, því að brjefið segir ekki annað í því efni, en að Skörð eigi Grísatungur. Að merkjasetning áfrýjandanna sje óeðlileg eptir landshátt-

um, eins og dómurinn segir, getur ekki hnekktt gildi afsalsbrjefsins, en á hinn bóginn skal það tekið fram, að sú merkjasetning verður naumast álitin koma í bága við landshættina, þar sem sama áin er látin ráða merkjum frá upptökum að ósi, sjer í lagi úr, því að það er viðurkennt, að hún að minnsta kosti á að ráða merkjum að nokkru leyti, sbr. lög 17. marz 1882, 2. gr.

Með vitnaleiðslu þeirri, sem fram hefur farið í málinu, er ekkert sannað, er hnekktt geti sönnunargildi afsalsbrjefsins, því að vitnin bera ekki annað, en að þau þekki örnefni þau, sem hinn stefndi virðist binda merkjalýsingu sína við, og að þau hafi *heyrt þau talin* ráða merkjum milli Skóga og Skarða.

Að hinn stefndi hafi brúkað hið umþrætta land 20 vetur eða lengur, er hvorki sannað nje viðurkennt í málinu eptir hinum framlögðu skjölum þess, enda gæti það og eigi hnekktt gildi afsalsbrjefsins, sbr. Jb. Llb., kap. 26. i. f.

Samkvæmt hinu framanritaða verður eptir kröfu áfrýjendanna og með tilvitnun til landamerkjaganna 12. gr., að ónýta hinn áfrýjaða merkjadóm og vísa málinu heim aptur. Málskostnaður í hjeradi virðist eiga að falla niður, en sem hæfilegt kostnaðarendurgjald fyrir yfirdómi greiði hinn stefndi áfrýjendunum 30 kr.

Þ v i d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur skal ógildur vera og víasast málinu heim í hjerad. Málskostnaður fyrir merkjadómi falli niður. Hinn stefndi, Sigurpáll Árnason, greiði áfrýjendunum, eigendum Skarða, 30 kr. upp í málskostnað fyrir yfirdómi

innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 3 1890.

O. J. Halldorsen
gegn
M. Jóhannessen.

D ó m u r :

Með landsyfrrjettardómi 30. sept. f. á. var áfrýjandinn, timburmaður O. J. Halldorsen í Reykjavík, dæmdur til að greiða stefnda, kaupmanni s. st. M. Jóhannessen, verð fyrir þilskipið «Vonin», metið af 2 dómkvöddum, óvilhöllum og kunnugum mönnum, eptir því sem skip þetta var í sept. 1888, þegar það var flutt af Reykjavíkurhöfn, þó eigi meira en 3000 kr., og að frádregnum 80 kr., en málskostnaður skyldi falla niður. Dóm þenna ljet stefndi birta á heimili áfrýjanda 12. okt. f. á. og 31. s. m. fjekk hann útnefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, að áfrýjanda viðstöddum, 2 menn til að meta þilskipið «Vonina», samkvæmt dómnum, og staðfestu matsmennirnir mat sitt með eidi fyrir rjettinum 12. des. næst á eptir, en með matinu var verð skipsins ákveðið 1600 kr. og upphæð sú, sem áfrýjanda bar að greiða samkvæmt dómnum, var því 1520 kr. Dagana 8., 10. og 13. jan. þ. á. var síðan eptir kröfu stefnda framkvæmt af bæjarfógetanum í Reykjavík fjárnám hjá áfrýjanda fyrir nefndri upphæð, 1520 kr., ásamt kostnaði við fullnæging fyrnefnds yfrrjettardóms, sem bæjarfógetinn úrskurðaði að væri 46 kr 80 a., en fjárnám var gjört í veðskuldabryfum og öðrum fjemætum skjölum, er áfrýjandi átti, og í nokkrum